

# Reglugjörð

7

7. janúar.

## um fjallskil með meiru í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

### I. kafli.

*Um stóðhrossa- og geldfjárrekstra á afréttir og fjalllönd á vorum.*

#### 1. gr.

Hreppsþúar í þeim sveitum, þar sem nægileg afréttarlönd eru, skulu, ef þeir að áliti hreppsnefndar ekki eiga nægileg fjalllönd fyrir sjálfa sig, skyldir að reka í miðja afrétt að vorinu alt geldfé sitt, að meðtöldum dilkám. Nú eru engin slík afréttarlönd til, heldur aðeins heimalönd og búfjárhagar, skal þá hreppsnefndin annast um, ef ekki fæst upprekstur í annari sveit, að fénu sé jafnað niður í löndin að rétri tiltölu við landrými og með samkomulagi við landeiganda. Skulu sveitarmenn skyldir að nota slíkan upprekstur eftir ávísun hreppsnefndar, svo framarlega sem upprekstrartollurinn fer ekki fram úr því, sem hann er ákveðinn hér á eftir.

#### 2. gr.

Í upprekstrartoll greiðist 50 aurar fyrir hverjar 10 sauðkindur, hvort heldur eru lömb eða roskið fé, og 2 krónur fyrir hvert hross; og skal tollur þessi vera greiddur innan októbermánaðarloka ár hvert, ef ekki er öðru vísi um samið.

Hver fjáreigandi skal skyldur til að skýra hlutaðeigandi hreppsnefnd innan ágústmánaðarloka frá tölu þess sauðfjár, er hann átti fjallrækt það ár; en hreppsnefndinni ber fyrir fjalleitir að haustinu, að tilkynna þeim, er hafa rétt til fjalltolla, að hverjum fjáreigendum þeir eigi aðgang um greiðslu á þeim.

#### 3. gr.

Fráfæring allan skal vakta, annaðhvort heima, áður en hann er rekinn eða þar sem hann er skilinn eftir í fjalllandinu að minsta kosti 2 sólarhringa. Enginn má heimildarlaust reka eða sleppa fénaði sínum í annarra manna lönd, sem hann á ekkert tilkall til. Reka skal þannig gegnum heimalönd manna, að ekki hljótist skaði af.

Brot móti þessum kafla varða 2—10 kr. sekt, auk skaðabóta eftir mati óvilhallra manna.

## II. kafli.

*Um vorsmalanir.*

## 4. gr.

Hreppsnefnd hefir heimild til að skipa fyrir um smölun sauðfjár á vorum til rúnings, þegar hentugast þykir. Ef þörf gerist má hún láta göngur fara fram á afréttum og fjallöndum. Hið sama gildir að því er snertir smölun til fráferna. Ennfremur ákveður hreppsnefnd leitardag hver í sínum hreppi.

## 5. gr.

Hreppsnefndin jafnar niður vorfjallskilum á menn á sama hátt og vanalegt er um niðurrjöfnun fjallskila að haustinu. Þó skulu þeir fjáreigendur, sem koma fé sínu fyrir til vorhíðingar hjá öðrum, vera undanskyldir vorfjallskilum, en þeir sem féð taka, skulu sjá fyrir fjallskilum á því, sem sínu eigin.

## 6. gr.

Allt það fé, sem við leitir þessar finst, skal rekið til lögskilaréttar. Þó mega hreppsnefndir fyrirskipa að fé sé annarsstaðar að rekið, ef það þykir heppi-legra, og skulu þær velja einn eða fleiri menn, þartil hæfa, er sjái um, að alt gangi vel og skipulega fram, þar sem féð er rekið að.

## 7. gr.

Skylt er hreppsnefnd að sjá um, að alt órúið fé, sem í leitum þessum finst, sé rúið, og öll ómörkuð lömb séu mörkuð undir mark mæðra þeirra.

Borgun fyrir rúning á utanhreppi fé og mörkun á lömbum skal vera þessi: 25 aurar fyrir að rýja kindina og sömuleiðis 25 aurar fyrir að marka lambið. Og skal sá, er verkið vinnur, fá borgun þessa hjá eiganda kindanna, enda gjöri hann eiganda full skil á ullinni, og grein fyrir marki, kyni og öðrum einkennum á hverri kind, sem hann rýr eða markar.

## III. kafli.

*Um sauðfjármörk.*

## 8. gr.

Sérhver fjáreigandi skal skyldur til að hafa glögt og löglegt eyrnamark á sauðfé sínu — en afeyrt er ólöglegt. Nú eignast maður kindur, sem hann getur ekki markað undir sitt mark, og skal hann þá skyldur til, bæði að fá leyfi

markeigenda, ef kostur er að láta þær ganga með markinu, og brennimerkja og hornmerkja þær svo glögt, sem verða má, og afhenda hreppsnefndinni skriflega lýsingu á eyrnamarki og öðrum einkennum kinda þessara fyrir ágústmánaðarlok ár hvert. 7. janúar.

Nú vill einhver taka upp nýtt fjármark, skal hann þá tilkynna það hreppsnefndaroddvita, bæði í hreppnum, sem hann býr í, og aðliggjandi hreppum, er innfæri það í markaskrá sína.

Enginn má taka upp fjármark, sem annar sýslubúi hefir. Sá, sem tekur upp nýtt mark, greiði fyrir það 1 kr. til oddvita hreppsins, er aftur greiðir hana til sýslusjóðs, þegar markaskráin er prentuð, er svo aftur gengur til prentunar-kostnaðar; það sem hann verður meiri, greiðist úr sýslusjóði.

Breyting á marki er sama sem nýtt mark. Ekkja, sem heldur uppi óbreyttu marki manns síns, telst ekki nýr markeigandi.

Fyrir brennimörk greiðist engin sérstök borgun.

#### 9. gr.

Nú flytur markeigandi inn í sýsluna; skal hann þá tilkynna mark sitt á þann hátt, sem segir í 8. gr.; eigi hann sammerkt við nokkurn í sýslunni, skal hann þá leggja það mark niður, eða semja við hlutaðeiganda um notkun þess.

Skylt er hverjum markeiganda að láta prenta mark sitt, þegar markaskrá er prentuð. Allir markeigendur skulu fá 1 eintak af skránni.

#### 10. gr.

Á brennimarki sýslunnar skulu vera þessir stafir S. H., og að auki tölu-stafir þannig:

- |       |    |       |                     |
|-------|----|-------|---------------------|
| S. H. | 1  | fyrir | Kolbeinsstaðahrepp. |
| —     | 2  | —     | Eyjahrepp.          |
| —     | 3  | —     | Miklaholtshrepp.    |
| —     | 4  | —     | Staðarsveit.        |
| —     | 5  | —     | Breiðuvíkurhrepp.   |
| —     | 6  | —     | Neshrepp ytri.      |
| —     | 7  | —     | Neshrepp innri.     |
| —     | 8  | —     | Eyrarsveit.         |
| —     | 9  | —     | Helgafellssveit.    |
| —     | 10 | —     | Stykkishólmshrepp.  |
| —     | 11 | —     | Skógarströnd.       |

Brennimörk þessi skulu sett framan á vinstra horn kindarinnar, en brenni-mark eiganda framan á hægri horn. Skylt er öllum þeim, er soramarkaðar kindur eiga, að brúka þessi brennimörk á hyrndar kindur.

#### 11. gr.

Markaskrá fyrir sýsluna skal prenta 5. hvert ár, og skal hreppsnefndin í hverjum hreppi annast um að safna öllum eyrna- og brennimörkum í hreppnum,

7 og setja þau saman eftir stafrófsröð á greinilega skrá. Skal hreppsnefndin því næst, eftir að hún hefir samið skrána, birta hana fyrir öllum fjáreigendum í hreppnum, svo að hver og einn geti séð, að mark hans sé rétt skrásett. Síðan sendir hreppsnefndin sýslunefndinni skrána, sem annast um, að aðalskrá sé sam-in yfir öll mörk sýslunnar og síðan prentuð.

Skyldar skulu hreppsnefndir að semja skrá yfir öll fjármörk í hreppnum, svo mörg eintök, að hver sá, er sendur er í aðrar réttir, geti fengið eitt þeirra, og skulu oddvitar jafnan gæta þess á hreppskilum vor hvert, að aðvara hrepps-búa um, að ef ný-innflutt eða ný-upptekin mörk kunni að vera í hreppnum, að tilkynna hreppsnefndinni það svo snemma, að hún geti bætt þeim á fyr umgetna markaskrá, áður en réttir byrja.

Skrár þessar skulu afhentar oddvita að afloknum skilaréttum ár hvert.

#### 12. gr.

Enginn má blóðmarka kindur í réttum eða á hausti nema því aðeins, að viðstaddir séu 2 vottar.

Brot móti þessum kafla varða 2—5 kr. sekt.

### IV. kafla.

#### *Um fjallskil.*

#### 13. gr.

Á ári hverju skulu hreppsnefndir hver í sínum hreppi kveðja skriflega með nægum fyrirvara alla þá, sem skyldir eru að ganga á fjöll eftir sauðfé samkvæmt 14. gr. í reglugjörð þessari, til þess að leita afréttir og önnur fjallönd innan merkja þeirra, sem tilgreind eru í 15. gr. Fjallgangnaboð þetta gangi sem þingboð um allan hreppinn, og varðar sektum, ef tefst eða niður fellur; skal í því nákvæmlega ákveða, hvernig fjallgöngum skal haga, rekstrum til rétta, geymslu safnsins við réttina, þangað til réttarhald byrjar, hverjir skulu sækja fé í aðrar réttir, og hvað annað, sem tilheyrir fjallskilum. Til þess að sækja fé í utansveitarréttir skal velja markglögga og gætna menn; skulu þeir vera útbúnir með markaskrá sýslunnar og hreppsins. Hreppsnefndin skal og skipa fyrir, hverjir skuli vera leitarstjórar, og skulu þeir ætíð skyldir til að ganga með leitarmönnum.

Öll óhlýðni gegn fyrirskipunum hreppsnefndar og leitarstjóra varðar sektum samkvæmt 23. gr.

#### 14. gr.

Hver sá maður, sem hefir umsjón yfir 6 sauðkindum og þar yfir, hvort heldur lömb eða roskið fé, er til fjalls skulu reknar, skal skyldur að gjöra fjall-

skil eftir fyrirskipun hreppsnefndar þeirrar, sem hlut á að máli, en jafna skal nákvæmlega niður fjallskilunum á alla fjáreigendur eftir sauðfjártölu og þörfum, svo að fjallskilum og fjárheimtum sé svo vel fullnægt, sem unnt er, enda segi hver fjáreigandi hreppsnefnd til fjáreignar sinnar á fjalli fyrir 15. ágúst ár hvert. 7  
7. janúar.

Nú reka menn einnig fé á fjall í öðrum hreppi, og skulu þeir þá skyldir að gjöra fjallskil þar eftir fjármagni því, sem þar er rekið til fjalls. En reki þeir ekkert fé til fjalls í sínum hreppi, skulu þeir, auk fjallskilanna í hinum framandi hreppi, skyldir til, að leggja að minsta kosti einn mann í eina göngu til fjallskila í sínum hreppi.

#### 15. gr.

Þessi eru gangnamerki hreppa í milli. Langmerkin eru: fjallgarðurinn þar sem hann er hæstur, eins og vötnum hallar, eða þar sem hreppalönd ná saman. Þvermerkin eru þessi: á milli Hörðudals og Skógarstrandar, Gunnarsstaðaá milli fjalls og fjöru, og leita Skógstrendingar þaðan að Kársstaðahálsi. Milli Skógarstrandar og Helgafellssveitar ræður Kársstaðaháls, og leita Helgfellingar og Stykkishólmsbúar þaðan og að Axarhamri, Tröllahálsi og Hraunfirði. Þaðan leita Eyrsvethingar að Búlandsgili, Höfðakúlum, Kistufelli og Kaldnasa. Þá Neshreppingar innri þaðan og að Stafnfelli, Korra, Steinahlíð, Miðfellsöxl, Ytri-Moldarmúla, Hesti, Rauðukúlu og Folahnúk, svo ráða eggjar vestur í Geldingafell, þaðan þvert niður í Giljatungur í Fossdal, Hróaskarð, Ennishól og Loðnugjá. Þá Neshreppingar ytri að Skarðsvík, Brattahrauni, Kálfadölum, Miðfelli og Bárðarkistu. Þá Breiðvíkingar að Axlargangi beina stefnu í Rjúpnaborgir, eftir hreppamerkjum milli Staðarsveitar og Breiðvíkur. Þaðan leita Staðsveitingar að Djúpágili, Urðarmúla, Baulárvallavatni, Vatnaá og Hvanngili. Þaðan leita Miklhreppingar að Skyrtunnu, Hafursfelli og Svínhól. Þá Eyhreppingar að Svínaskarði, Svínavatni, Arná, Oddastaðavatni og Hafursfjarðará. Þá Kolhreppingar að Geirhnúk eftir Vatnshlíðareggjum, að Klifsandi og Hítará.

Þar sem fjöll og hálsar ráða þvermerkjum, skal frá báðum hliðum gengið að vatnaskili.

#### 16. gr.

Næsta virkan dag fyrir fyrsta leitardaginn, og sömuleiðis fyrir skilaréttardaginn, skal hver búandi skyldur að leita vandlega heimalönd sín, þau sem vanalega ekki eru leituð til réttar, og skal hann í tæka tíð reka alt geldfé, sem í þeim finst og hann ekki á sjálfur eða heimafolk hans, til réttar eða í fjallasafn. Hins vegar er bannað að draga sundur fjallasafn annarsstaðar en í lögréttinni. Heimalönd teljast aðeins það, sem notað er fyrir málnytupening og brúkunarhross. En víðáttumeiri lönd séu leituð eftir fyrirskipun hreppsnefndar.

#### 17. gr.

Þrjár skulu fjalleitir á hausti hverju. Til fyrstu réttar skal gengið daginn áður en réttað er þar sem hreppsnefnd álitur þess þörf. Til annarar réttar skal

7 gengið næsta virkan dag á eftir fyrstu rétt og það fé, sem þá finst, réttað sama 7. janúar. daginn, þar sem því verður við komið. Til þriðju réttar — skilaréttar — skal gengið á fimtudaginn í 24. viku sumars í öllum hreppum sýslunnar, og skilarétt haldin næsta dag á eftir.

Leitardagar skulu vera tilgreindir í fjallskilaboðinu.

Misheppnist þriðja leit, skulu hreppsnefndir hafa vald til að fyrirskipa fjórðu leit á fjalllönd þau, er þeim ber að sjá um. Til þeirrar leitar mega hreppsnefndir gjöra aukaniðurjöfnun á alla fjáreigendur, sem hlut eiga að máli.

#### 18. gr.

Leitarstjórar skulu annast um, að leitir fari vel og skipulega fram; til þess heyrir meðal annars, að leitarmenn hefji leitina þá sauðljóst er orðið, og hittist úr nágrannahreppum, eða biði hver eftir öðrum á gangna mótum, þar sem því verður við komið, enda haldi þeir leitunum samhliða, hver til sinnar réttar. Nú hittir leitarmaður vanfæra kind í leit sinni, og álitur að hann geti ekki komið henni til réttar, án þess að vanrækja göngu sína, skal hann þá skera kindina og dysja forsvaranlega, þannig að hann geti vísað til hennar, og skýrt frá marki á henni.

#### 19. gr.

Leitarstjórar skulu vandlega gæta þess, að allir þeir, sem fjallskil eiga að gjöra, leggi svo marga fullgilda menn til, sem hreppsnefndin hefir ákveðið samkvæmt 14. gr. Nú vanrækir einhver að gjöra þau fjallskil, sem á hann voru lögð, og má þá hreppsnefndin eða leitarstjóri, verði því við komið, kaupa mann til að vinna það, sem á vantar til fjallskilanna, upp á hans kostnað, eftir mati óvilhallra manna, enda gjaldi að auki sekt samkvæmt 23. gr.

#### 20. gr.

Leitarstjóri skal strax hlífðarlaust tilkynna hlutaðeigandi hreppsnefnd alla óhlýðni gegn fyrirskipunum hans, en hreppsnefndin kærir slíkt sem og sérhverja aðra skylduvarrækt með tilliti til fjallskila fyrir sýslumanni til sektar. Sömu leiðis hefir hver einstakur maður rétt til að kæra hreppsnefndina, hafi hún beitt við hann rangindum eða íþyngt honum sérstaklega fram yfir það, sem þessi reglugjörð leyfir.

#### 21. gr.

Fjallafé það, sem ofan slangrar í kvífé manna, skal, þegar þörf gerist, skilja úr, og leggja nágrannar saman til að reka það aftur til fjalls í lönd þau, er til uppreksturs eru notuð.

#### 22. gr.

Auk heimalandssmálana þeirra, sem getið er í 16. gr., geta hreppsnefndir

svo oft sem þörf gerist fyrirskipað almenna rækilega smölun á öllum heimalöndum í hreppnum, og skal þá öllu fé komið beinustn leið til áttþaga sinna. Nú 7. janúar. kemur rekstur til búanda, skal hann þá, ef mögulegt er, láta rannsaka hann, og taka úr honum kindur þær, sem ekki eru á réttri leið, ef nokkrar eru, og leiðbeina þeim í rétta átt svo fljótt sem því verður við komið. 7

## 23. gr.

Hver, sem finnur kindur á fjallöndum þeim, sem ekki teljast með búfjárhögum, að afstöðnum öllum lögboðnum leitum, skal fá fundarlaun eftir óvilhallra manna mati; þó mega þau ekki fara fram úr  $\frac{1}{4}$  verðs þess, sem kindurnar eru metnar.

Af þeim kindum, sem finnast kunna í búfjárhögum, ber ekki að greiða fundarlaun, en sérstaka fyrirhöfn, svo sem að ná kindum úr klettum eða því um líkt, ber að borga.

Hver, sem verður uppvis að því, að hafa fundið kindur eftir þann tíma, sem greinin mælir fyrir, á fjallöndum eða heimahögum, og ekki hirt eða komið til skila, sæti sektum.

Brot móti þessum kafla varða sektum 2—10 kr.

## V. kafla.

*Um réttarhöld og meðferð á úrtíningsfé.*

## 24. gr.

Þar skulu réttir vera, sem segir í 26. gr., og svo langt og víða til reka sem segir í 15. gr.

Breyta má þessu með samþykki meiri hluta hreppsþúa, hreppsnefndar og sýslunefndar.

## 25. gr.

Þrisvar skal réttað á hausti í hverri lögskilarétt, og skulu hreppsnefndir annast um, að réttir séu að öllu vel uppbygðar og nægir dilkar handa öllum hreppsþúum, sem sjálfir annist um dilkadyr sínar meðan á réttarhaldinu stendur. Dilka handa utanhreppsþúum eru hreppsþúar því aðeins skyldir að byggja á sinn kostnað, að utanhreppsþúar sýni þeim sömu skil hvað dilka áhrærir. Rétt er að nefndin kjósi einn mann úr sínum flokki til umsjónar sem réttarstjóra.

## 26. gr.

Réttir skulu haldnar í þeirri röð og á þeim dögum, er nú greinir: Þverá- Vörðufells- Kaldárdals- og Kothraunsrétt, mánudaginn í 22. vikusumars. Dranga- Mýrdals- Arnarhóls- og Selgilsrétt, þriðjudaginn í 22. viku sumars.

7  
7. janúar

Miðhraunsrétt, miðvikudaginn í 22. viku sumars.

Brekku- og Grundarrétt, fimtudaginn í 23. viku sumars.

Haugbrekku- Bláfeldar- og Hnausarétt, föstudaginn í 23. viku sumars.

Fagurhóls- og Hraunsskarðsrétt, laugardaginn í 23. viku sumars.

Vörðufells- Kaldárdals- Kothrauns- og Selgilsrétt eru aukaréttir, en hinar allar lögskilaréttir. Og er því hreppsnefndum í þeim hreppum, sem aukaréttir eru, skylt að annast um að alt úrtíningsfé, er fyrir kann að koma í aukaréttunum á haustin, sé tafarlaust komið til lögskilaréttanna.

#### 27. gr.

Hreppstjórar skulu halda lögreglu í hverri lögskilarétt, en réttarstjóri annast um innreksstur fjárins og sér um, að féð ekki troðist undir, gætir þess, að fénu sé ekki á nokkurn hátt misþyrmt, og kallar hreppstjóra til, ef svo ber við, lítur eftir að sundurdráttur fjárins fari vel og skipulegu fram. Markglöggir menn skoði í dilka áður en út er hleypt, og gæti þess, að fé fari ekki saman úr dilkunum. Skal því enginn hleypa út, fyr en réttarstjóri leyfir, sem ekki sé fyr en búið er að kanna úrtining, og skal þá aðalreglan, að utanhreppsmenn hleypi fyrst út, og svo þeir, sem lengst eru að.

#### 28. gr.

Ómerkinga alla skal draga í sérstakan dilk, og skulu þeir geymdir þar unz búið er að draga úr almenningnum. En að afloknum fjárdrætti skal þeim slept í almenninginn og skal þangað færa allar ær, sem von getur verið um að ættu þá, svo þær geti helgað sér lömb sín. Skal réttarstjóri jafnan vera viðstaddur og engum skal heimilt að taka ómerkinga sem eign sína, nema með samþykki hans og meiri hluta hreppsnefndar.

Alla ómerkinga, sem enginn finst eigandi að, skal selja strax á réttarstaðnum, og andvirði þeirra renna í sveitarsjóð.

Um ómerkinga, sem finnast eftir réttir, fer sem um annað óskilafé, ef enginn getur helgað sér, og rennur andvirði þeirra einnig í sveitarsjóð.

#### 29. gr.

Mýétninga skal selja í hverri lögskilarétt, þó því aðeins, að enginn geti helgað sér þá, og að eyrun séu svo skemd, að ekkert mark verði gjört úr; skal réttarstjóri kalla til hreppstjóra og markglögga menn, bæði innan hrepps og utan hrepps, og séu þeir allir samdóma um markleysi þessara kinda. Annars fer um þá sem um annað óskilafé; sama er um þá mýétninga, sem finnast eftir réttir, og rennur andvirði þeirra í sveitarsjóð.

#### 30. gr.

Öllum úrtiningi úr fyrstu og annari rétt skal slept milli rétta í land réttarbónda eða annars, sem hentugra þykir, en fé það, sem ekki dregst upp, eða hirt er í skilarétt, skal þá þegar afhenda hreppstjóra, og skal hann þá kveðja



til með sér tvo markglögga og gætna menn; skulu þeir allir skoða kindurnar, 7  
 bæði eyrnamörk og hornamörk, og segja til marka; skal þá hreppstjóri nákvæm- 7. janúar.  
 lega skrifa upp og lesa mörkin í heyranda hljóði. Það, sem þá verður óútgengið,  
 skal þegar selt við opinbert uppboð, án útlausnarfrests. Allir þessir þrír menn  
 bera ábyrgð á, að mörkunum sé rétt lýst.

## 31. gr.

Réttartoll skal greiða úr hreppssjóði búanda þeim, á hvers landi réttin  
 stendur, sem sé 5—10 kr., eftir samkomulagi við hreppsnefndina eða mati óvil-  
 hallra manna.

## 32. gr.

Nú koma utanhreppskindur fyrir í einhverjum hreppi eftir afstaðnar  
 skilaréttir, og þekkja menn eigendur að þeim, skulu þær þá á kostnað eiganda  
 geymdar í vörzlum hreppstjóra, sem annast um, að eigendum verði tafarlaust  
 gert aðvart um þetta, séu þeir í nálægum hreppum. Hafi eigendur ekki leitt  
 sig að kindum þessum fyrir Marteinsmessu, skal hlutaðeigandi hreppstjóri selja  
 þær við opinbert uppboð, sem áður sé auglýst í hreppnum með nægum fyrirvara.  
 Kindur þær, sem koma fyrir eftir skilaréttir, og ekki þekkjast eigendur að, skal  
 fara með á sama hátt. Geymslukostnaður sé 4 aurar um sólarhringinn.

## 33. gr.

Lýsing á óskilafé því, sem við opinbert uppboð er selt, skal sendast  
 sýslumanni fyrir miðjan desbr., er auglýsi hana í Lögbirtingablaðinu ekki síðar  
 en í febrúar næsta ár; skal þá hver sá, sem getur helgað sér eitthvað af hinu  
 selda fé, hafa rétt til að fá andvirði þess, vitji hann þess fyrir næstu Mikaelis-  
 messu, þó að frádregnum öllum lögmætum og sanngjörnum kostnaði, sem fyrir  
 því var hafður.

## 34. gr.

Enginn má sleppa hrossum eða nautum ómörkuðum á fjöll. Skyldur  
 skal hver sá, sem á hross eða naut, er á fjall er slept eða rekið, að lýsa marki  
 sínu á þeim fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd, og láta prenta það við fyrsta tæki-  
 færi í markaskrá sýslunnar.

## 35. gr.

Alstaðar í sýslunni, þar sem stóðhross ganga að sumrinu, skal smalað og  
 réttað í skilarétt. Þau hross, sem þá ekki þekkjast eigendur að, og enginn þá  
 hirðir, skulu tekin til geymslu á kostnað eiganda, og auglýst sem annað óskilafé.  
 Þó skulu þau ekki seld fyrir 30. nóvember það ár. Geymslukostnaður fari ekki  
 fram úr 10 aurum um sólarhringinn. Hver sá, sem stóðhross á, eða tekur til

7 hirðingar í land sitt, skal skyldur að hirða þau svo, að þau gangi ekki í annarra  
7. janúar. manna löndum; hirði hann þau ekki, eftir að honum hefir verið gert aðvart um þau, borgi hann fyrir þau hagatoll eftir óvilhallra manna mati.

## VI. kafli.

### *Um fjármarkshöld á haustum og rekstur á sölufé.*

#### 36. gr.

Alt fé í sölufjárrekstrum skal vera merkt með skíru rekstrarmerki, er sé svo glögt, að það sjáist vel tilskýndar í björtu, og svo traust, að það máist eigi af, þótt votviðri gangi. Auk þessa merkis skulu kaupmenn spjaldbinda hverja kind, og skal spjaldið vera með glöggu og góðu merki kaupmanns þess, sem kindina kaupir, og ennfremur áframhaldandi tölumerki.

#### 37. gr.

Varast skal svo sem auðið er að rekstrum lendi saman við annað fé. Eigi má halda áfram með rekstur úr því svo dimt er orðið, að ekki er markljóst, nema brýn nauðsyn beri til, svo má og eigi leggja upp með rekstur fyr en markljóst er orðið.

#### 38. gr.

Rekstrarmenn skulu gæta þess, komi kindur saman við reksturinn, að skilja þær strax úr rekstri sínum, svo að þær eigi rekist til ógreiða. En ef þeir reka kindur til ógreiða með rekstrinum, skulu þeir skyldir að koma þeim á sinn kostnað til eigenda, ella sæta ábyrgð fyrir.

Brot móti þessum kafla varða sektum frá 2—50 kr.

## VII. kafli.

### *Um grenjaleitir og eyðing refa.*

#### 39. gr.

Sérhver hreppsnefnd skal árlega annast um grenjaleitir og eyðingu refa í hreppi sínum — þar með talin fjalllönd; skal hún í tækan tíma ráða einn eða tvo áreiðanlega skotmenn til grenjavinslu í landareign hreppsins á tímabilinu frá 14. maí til 14. júlí, og má enginn skotmaður innanhrepps skorast undan því verki, án gildra orsaka.

Borgun til skotmanns skal vera, hvort heldur hann er í grenjaleit eða 7  
 liggur á greni, 3 kr. um sólarhringinn í kaup og fæðispeninga. Þó má hrepps- 7. jan.  
 nefnd eftir atvikum ráða skotmann upp á herra eða lægra kaup í samráði við  
 sveitarmenn; hálfur sólarhringur telst sem heill, en styttri tíma er slept. Þess  
 utan fær hann í aukabókun fyrir fyrra dýrið 4 kr. og fyrir síðara dýrið 8 kr.,  
 og sömu borgun fyrir, ef fleiri dýr fullorðin vinnast á sama greni, og 50 auru  
 fyrir hvern yrðling, sem hann nær; sömu þóknun fær vökumaður eða hver annar  
 fyrir að ná yrðlingi. Skal sýna oddvita skott dýranna því til sönnunar, og skottin  
 síðan eyðilögð.

## 40. gr.

Hver búandi í hreppi hverjum skal skyldur að leita árlega prisvar á vori  
 hverju grenja í landi ábýlisjarðar sinnar, sé það ekki viðlendara en svo, að hann  
 noti það fyrir sinn eigin fénað. Hreppsnefndin skal rækilega brýna þessa skyldu  
 fyrir mönnum, og gæta þess, að henni sé hlýtt. Hún annast einnig um grenja-  
 leitir á fjallöndum og löndum eyðijarða, sem ekki eru notuð fyrir búfénað; fyrir  
 þær leitir má greiða sanngjarna þóknun úr sveitarsjóði.

## 41. gr.

Þegar gren finst, skal bóndi sá, í hvers landi grenið er fundið, tafarlaust  
 vitja skotmanns, ef hann er ekki með í leitinni — sem helzt ætti að vera — til  
 að fá hann á grenið; hann skal og leggja til vökumann, og ber honum fyrir það  
 í kaup og fæðispeninga 3 kr. um sólarhringinn; hálfur sólarhringur telst sem  
 heill. Finnist gren, og skotmaður er ekki með í leitinni, skal varast að hafa þar  
 nokkra viðdvöl, og forðast allan umgang í nánd við grenið; en skyldur er skot-  
 maður að koma svo fljótt sem verða má, og yfirgefa ekki grenið, fyr en búíð er  
 að reyna til þrautar að vinna dýrin, eða þau eru unnin, og telst full tilraun ekki  
 gerð á skemri tíma en 3 sólarhringum.

## 42. gr.

Ef grenjavinsla mistekst af einhverjum orsökum, skal skotmaður sjá um,  
 að rækilega sé eitrad með stryknin í aðgengilegu og ginnandi æti, er hann sé  
 ætíð útbúinn með, ef á þarf að halda.

## 43. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, hver í sínum hreppi, að eitrad sé fyrir reff  
 á hverjum vetri, þar sem haganlegast þykir, á hentugum tíma, og sé henni (eitru-  
 uninni) lokið fyrir 15. febrúarmánaðar.

7. jan. 7 Aðalreglan við eitrun sé sú, að afsláttarhross eða rjúpur sé til þess brúkað, og séu þá 100 rjúpur sem 1 hrossskrokkur; nefndin skal sjá um, að nægilegt hræ sé til eitrunar, og eitur eftir þörfum. Eitrað sé með strykni, og sé það framkvæmt af manni, sem til þess er kjörinn af hreppsnefndinni og til þess eidsvarinn. Eitrunarmaður geri búanda aðvart um, hvar hann leggur niður eitur í landareign hans.

Brot móti þessari grein varðar sektum.

#### 44. gr.

Hver, sem vinnur refi öðruvísi en á greni eða með eitrun, á tímabilinu frá 1. apríl til 1. desbr., skal fá 2 kr. í þóknun fyrir hvert dýr, hvort sem það er ungt eða gamalt, af sveitarsjóði þess hrepps, sem þau eru unnin í, þó því að eins, að skinnin hafi verið sýnd hreppsnefndinni eða tveim skilríkum mönnum, svo fljótt sem verða má eftir vinninguna, og skal þá ónýta þau, nema í þeim virðist nokkurt verð, þá skulu þau afhent oddvita, sem geymir þau þar til þau eru lögð inn í kaupstað; nýtur þá veiðimaður andvirðisins.

#### 45. gr.

Heimilt skal að ala upp yrðlinga, en sá, sem elur upp yrðlinga, skal greiða í sekt 50—200 kr., ef yrðlingurinn sleppur, og skulu yrðlingarnir hafðir í járnum.  $\frac{1}{3}$  hluti sektar tilfellur uppljóstrarmanni, en  $\frac{2}{3}$  sveitarsjóði.

#### 46. gr.

Hver, sem gerir kröfu til borgunar fyrir eitthvað, sem lýtur að eyðingu refa á grenjum eða með eitrun, skal senda oddvita þess hrepps, sem í hlut á, greinilegan reikning fyrir septembermánaðarlok ár hvert. Reikningnum skal fylgja skýrsla um verk það eða tillag, sem borgunar er krafist fyrir. Reikninginn leggur oddviti því næst fram fyrir alla hreppsnefndina til yfirskoðunar og úrskurðar; samþykki hún reikninginn óbreyttan, fá hlutaðeigendur upphæðina borgaða, annaðhvort þá þegar af sveitarsjóði, eða við niðurjöfnun hreppsgjalda það haust. Refaveiðakostnaðarreikninga þá, sem ekki eru komnir til oddvita fyrir hinn tiltekna dag, þurfa hreppsnefndir ekki að taka til greina, nema sérstaklega á standi.

Brot móti þessum kafla, að undantekinni 45. gr., varða sektum frá 2—100 krónum.

## 47. gr.

Allar sektir fyrir brot á reglugjörð þessari renna í viðkomandi sveitarsjóð.

7  
7. jan.

## 48. gr.

Með mál útaf brotum gegn reglugerð þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

## 49. gr.

Með reglugjörð þessari er numin úr gildi reglugjörð fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, um geldfjárrekstur á fjallönd, sauðfjármörk, fjallskil, réttarhöld og eyðingu refa m. fl. frá 7. júní 1904.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefir samið og samþykkt, samkvæmt 71. grein sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. marz 1890 og nr. 36, 24. nóv. 1893, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi 1. maí 1911.

**I stjórnarráði Íslands, 7. janúar 1911.**

Í fjarveru ráðherra

**Kl. Jónsson.**

---

*Jón Hermannsson.*